

## Námskeið fyrir grunnskólakennara fjöltyngdra nemenda um aðferðina Samræðufélagar/Talking Partners

**Dagana 2.-3. september 2024** mun Clare Reed, sérfræðingur og eigandi **Talking Partners** halda tveggja daga námskeið um kennsluaðferðina *Samræðufélagar* sem ætluð er til að styðja við nám fjöltyngdra nemenda á yngsta stigi grunnskólans. Námskeiðið hentar vel þeim kennurum sem eru að kenna íslensku sem annað tungumál eða í stoðþjónustu því það byggir á vinnu með þriggja barna hópi í hvert sinn.

**Samræðufélagar (Talking Partners)** er námsefni ætlað nemendum sem þurfa stuðning við að læra íslensku. Efnið er breskt að uppruna og hefur verið notað um árabíl í þarlandum skólum með góðum árangri. Það hefur nú verið þýtt og staðfært á íslensku og er [aðgengilegt á heimasíðu Talking Partners undir heitinu Samræðufélagar](#).

Námsefnið er safn verkefna sem henta vel til að efla orðaforða, tjáningu og skilning barna á töluðu máli. Kennsluskipulagið felst í inngripi sem ætlað er að hraða námi barnanna og gefa þeim aukna færni í orðaforða, tjáningu og skilningi á töluðu máli. Gert er ráð fyrir að kennt sé þrisvar í viku í u.þ.b. tuttugu og fimm mínútur samkvæmt ákveðnu skipulagi yfir tíu vika tímabil. Í fyrsta tíma vikunnar er unnið með endursögn þar sem börnin annaðhvort segja frá einhverju sem þau hafa upplifað eða endursegja sögu með stuðningi frá kennara. Í öðrum tíma vikunnar er unnið með afmarkaða þætti máls, orð og hugtök og í þriðja tímanum vinna nemendur verkefni þar sem þeir þurfa að semja sinn eigin texta. Í hverjum flokki eru tiltæk nokkur verkefni sem kennari velur úr. Einnig er lögð áhersla á að kenna samræðureglur og fylgja efninu myndir sem notaðar eru til að útskýra og minna á reglurnar. Í upphafi stundarinnar fer kennarinn yfir þær samræðureglur sem halda þarf í heiðri og nýtir sjónrænan stuðning til að minna á þær reglur í gegnum stundina ef þörf er á. Mælt er með því að efnið sé notað með fámennum hópi barna svo hægt sé að virkja alla og sníða stundirnar að þörfum þeirra sem unnið er með hverju sinni.

Frekari upplýsingar má nálgast á [heimasíðu Talking Partners](#)

Clare Reed hefur komið í trisvar til Akureyrar og einu sinni til Reykjavíkur með samskonar námskeið fyrir kennara. Í kjölfar fyrstu námskeiðanna notaði hópur kennara efnið með stuðningi frá MSHA og MML í formi reglulegra funda á því 10 vikna tímabili sem kennararnir notuðu efnið. Það er því smám saman að byggjast upp reynsla af því að nota efnið með íslenskum nemendum. [Hér er frétt af heimasíðu HA um námskeiðið í fyrra](#).

[Hér er einnig slóð á nýlega ritrýnda grein í Netlu um rannsókn](#) sem gerð var af Rannveigu Sigurðardóttur þáverandi kennara í Oddeyrarskóla en Rannveig kynntist námsefninu og Clare Reed eftir skólaheimsókn til Bradford og fékk hana í kjölfarið til að koma til Akureyrar með námskeið fyrir kennara haustið 2018. Rannveig prófaði síðan námsefnið með sínum nemendum og þýddi það á íslensku sem hluti af [meistaraprófsritgerð hennar](#).

Námskeiðið verður haldið dagana **2. og 3. september 2024 í fundarsal í húsnæði Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu í Víkurhvarfi 3, Kópavogi** milli 9:00 og 16:00 báða dagana. Þetta tveggja daga námskeið kostar 8000. kr. fyrir hvern þátttakanda.

**Fjöldi þátttakanda er takmarkaður við 25** til að halda gæðum námskeiðsins í hámarki því námskeiðið byggir m.a. á sýnikennslu og virkum samskiptum. Skráningar skulu berast eigi síðar en 31. ágúst á Torginu. Námskeiðið er haldið á vegum Miðstöðvar skólaþróunar og Kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar og Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**Fyrri dagur**

09:00-12:00: Lota 1, (20 mínútna hlé innifalið)

12:00-13:00: Hádegishlé

13:00-16:00: Lota 2 (stutt hlé innifalið)

**Nánari lýsing á fyrri degi:**

On day one we will start with an Introduction to TP@P and consider why talk is important. This is followed by viewing parts of a lesson so people get to see how it flows. Then we look at evidence of impact and what they can expect in their schools if the programme is run well. The general structure of each session and how they build through the week is explained. After lunch we have several practical sessions having a go at the activities and considering how these could be used in the classroom with different ages of pupils and across different curriculum areas.

**Seinni dagur**

09:00-12:00: Lota 1, (20 mínútna hlé innifalið)

12:00-13:00: Hádegishlé

13:00-16:00: Lota 2 (stutt hlé innifalið)

**Nánari lýsing á seinni degi:**

On day two we recap what we know from day 1 followed by another lesson where I ask the participants what they notice rather than telling them as in day 1. This follows the Vygotskian principles of how people learn -which are the foundation blocks of TP@P- and throughout the two days I will up the challenge of each session and give progressively less support/scaffolding. This mirrors the methodology behind the TP@P programme where the pupils hopefully become more independent speakers and listeners over the 10 weeks. We then have the very important session of planning, recording and assessment before lunch. Afterwards, we again have a go with more practical activities and look carefully at the role of the Coordinator. Finally, we consider what needs to happen before getting started.